

## 2002 nr. 162 20. desember

### Lög um úrvinnslugjald

**Tóku gildi 1. janúar 2003.** *EES-samningurinn:* II. viðauki tilskipun 94/62/EB, XX. viðauki tilskipun 1999/31/EB og 2000/53/EB. *Breytt með* I. 8/2003 (tóku gildi 12. mars 2003), I. 144/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004), I. 128/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), I. 37/2005 (tóku gildi 25. maí 2005, ákvæði 1. gr. kom þó til framkvæmda 1. jan. 2005), I. 114/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), I. 106/2006 (tóku gildi 30. júní 2006 nema 3. og 4. mgr. f-liðar 3. gr. sem tóku gildi 1. ágúst 2006), I. 15/2007 (tóku gildi 1. mars 2007), I. 46/2007 (tóku gildi 31. mars 2007), I. 153/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), I. 73/2008 (tóku gildi 14. júní 2008; *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 2002/96/EB), I. 135/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), I. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), I. 69/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010), I. 157/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), I. 158/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), I. 58/2011 (tóku gildi 7. júní 2011 nema 2. mgr. d-liðar 10. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 2006/21/EB, II. viðauki tilskipun 2006/66/EB), I. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), I. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.-2., 4.-12., 16.-18., 23.-29., 31.-32., 34.-38. og 40.-48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tók gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrrimelum í 49. gr.), I. 63/2014 (tóku gildi 6. júní 2014 nema 3. mgr. f-liðar 5. gr., 21.-29. gr. og 38. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 2008/98/EB), I. 123/2014 (tóku gildi 1. jan. 2015), I. 124/2014 (tóku gildi 1. jan. 2015 nema 3. gr. sem tók gildi 31. des. 2014 og a-d-, f-h- og j-l-liðir 1. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrrimelum í 11. gr.), I. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.-18., 21.-25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrrimelum í 30. gr.) og I. 39/2015 (tóku gildi 10. júlí 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess víða, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### I. kaffli. Markmið og skilgreiningar.

##### ■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í heim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

##### ■ 2. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun:* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

2. *Endurnýting:* hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.

3. *Endurnýtingarstöð:* staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.

4. *Förgun úrgangs:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.

5. *Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmrí tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

6. *Söfnunartöð (gámastöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

7. *Umbúðir:* allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við pökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vörur, til notanda eða neytanda. Nánar tiltekið eru umbúðir:

a. *söluumbúðir* eða *grunnumbúðir*, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að að sölustað mynda þær söluiningu fyrir notanda eða neytanda,

b. *safnumbúðir*, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að að sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda söluininga, hvort sem þær eru seldar sem sílkar til notanda eða neytanda eða

aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar,

c. *flutningsumbúðir*; þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra söluininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning; gámar til vöruflutninga á landleidum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.]<sup>1)</sup>

[8.]<sup>1)</sup> *Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lógaðilar ákvæða að losa sig við eða er gert að losa sig ar við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.

[9.]<sup>1)</sup> *Úrvinnsla úrgangs:* söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

<sup>1)</sup> L. 128/2004, I. gr.

#### II. kaffli. Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

##### ■ 3. gr. Almennt um gjaldtöku.

□ Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

□ Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjaldar og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

□ [Úrvinnslugjald sem lagt er á pappa-, pappírs- og plastumbúðir skal standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum, sbr. 3. mgr. 15. gr., um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna framangreindra umbúða.]<sup>1)</sup>

□ [Úrvinnslugjald sem lagt er á raf- og rafeindatækji skal standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum, sbr. 3. mgr. 15. gr., um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun úrgangsins.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 106/2006, I. gr. <sup>2)</sup> L. 63/2014, 38. gr.

##### ■ 4. gr. Fjárhæð úrvinnslugjalds.

□ Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs, sbr. 2. mgr. 3. gr. Vörflokkum skal skipt í uppgjörsflokka með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks. Hver uppgjörsflokkur er fjárhagslega sjálfstæður.

□ [Fjárhæð úrvinnslugjalds vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða skal taka mið af áætlun Úrvinnslusjóðs um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, sbr. 3. mgr. 3. gr., svo og greiðslur vegna flutninga umbúðaúrgangs innan lands.]<sup>1)</sup>

□ [Fjárhæð úrvinnslugjalds vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs skal taka mið af áætlun Úrvinnslusjóðs um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun úrgangsins, sbr. 4. mgr. 3. gr., svo og greiðslur vegna flutnings raf- og rafeindatækjaúrgangs innan lands.]<sup>2)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>3)</sup> leggur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslugjalds fram tillögu til [ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins]<sup>3)</sup> um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaltskyldar vörur eftir því sem við á. [Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins]<sup>3)</sup> flytur frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds.

<sup>1)</sup> L. 106/2006, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 63/2014, 38. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 356. gr.

#### ■ 5. gr. Úrvinnslugjald á ökutæki.

□ Skráður eigandi gjaltskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímbili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð [350 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hvert gjaltskykt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímbilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímbilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kæruheimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

□ Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaltskyldar samkvæmt lögum þessum. [Gjaldtímbil vegna bifreiða samkvæmt málsgrein þessari er 1. janúar – 31. desember og skal skráður eigandi gjaltskylds ökutækis á gjaldtímbilinu greiða úrvinnslugjald að fjárhæð [700 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hvert gjaltskykt ökutæki sitt. Gjalddagi úrvinnslugjalds á bifreiðar samkvæmt málsgrein þessari er 1. júlí ár hvert. Um innheimtu gjaldsins að öðru leyti gildir 1. mgr.]<sup>2)</sup>

□ [Gjaltskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímbils eftir að greitt hefur verið úrvinnslugjald af ökutækinu í full 15 ár og fyrir bifreiðar sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 128/2004, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 144/2003, 1. gr.

#### ■ 6. gr. Skilagjald á ökutæki.

□ Greiða skal skilagjald, [20.000 kr.],<sup>1)</sup> hverjum þeim sem afhendir gjaltskykt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur í reglugerð ákvæði um fyrirkomulag greiðslu til móttökustöðvar.

<sup>1)</sup> L. 140/2013, 40. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 356. gr.

#### ■ 7. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 58/2011, 24. gr.

#### ■ [7. gr. a. Úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.

□ [Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr pappa og pappír, [15 kr./kg],<sup>1)</sup> og umbúðir gerðar úr plasti, [16 kr./kg].]<sup>2)</sup> Úrvinnslugjald skal leggja á hvort sem umbúðir eru einar sér eða utan um vörur sem fluttar eru til landsins. Úrvinnslugjald skal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaltskylds aðila um þyngd, tegund og samsætingu umbúða, sbr. þó [4. mgr.]<sup>4)</sup> Þetta á einnig við um samsettart umbúðir.

□ [Úrvinnslugjald ákvæður, í samræmi við áætlun sína um að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, fyrir hvaða tegundir umbúðaúrgangs sem úrvinnslugjald er lagt á, sbr. 3. mgr. 3. gr., hann greiðir.

□ Margnota flutnings- og safnumbúðir sem fluttar eru úr landi til endurnotkunar hjá birgjum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Undanþágan er bundin því skilyrði að innflytjandi lási því yfir í aðflutningsskýrslu, með þeim hætti sem tollstjórin í Reykjavík ákvæður, að umbúðirnar verði sann-

anlega fluttar úr landi til endurnotkunar hjá birgjum og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.]<sup>4)</sup>

□ Gjaldskyldur aðili skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. [Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vörur fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur í viðauka XVIII.]<sup>5)</sup> . . .<sup>4)</sup>

□ Um álagningu úrvinnslugjalds á heyrílluplast . . .<sup>6)</sup> fer skv. 8. gr.

□ [[Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtoldum tollskrárnumerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að innflytjandi gefi yfirlýsingu í aðflutningsskýrslu, sbr. 3. mgr., um að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi:]<sup>4)</sup>

[3919.1000	3923.3000	4819.2011	4819.5001
3920.1009] <sup>4)</sup>	3923.4000	4819.2019	4819.5002
3923.1001	3923.5000	4819.2091	4819.5009
3923.1009	3923.9001	4819.2099	4819.6000
3923.2101	3923.9002	4819.3001	4822.1000
3923.2109	3923.9009	4819.3009	4822.9000
3923.2901	4819.1001	4819.4001	4823.9004
3923.2909	4819.1009	4819.4009	4823.9006

□ [Innlendir framleiðendur greiða ekki úrvinnslugjald vegna gjaltskyldra umbúða sem notaðar eru utan um vörur sem sannanlega eru fluttar úr landi, sbr. 6. mgr. ]

□ Framleiðendur og innflytjendur skulu við útgáfu sölu-reiknings tilgreina með skýrum hætti ef umbúðir eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Kaupandi skal staðfesta með móttökukvittun á viðkomandi reikningi að keyptar umbúðir fari til útflutnings. Endanleg yfirlýsing kaupanda er staðfest við greiðslu reiknings. Kaupandi er ábyrgur, gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs, fyrir því að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings.

□ [Ríkisskattstjóra]<sup>7)</sup> er heimilt að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini til framleiðanda, innflytjanda og seljanda umbúða úr pappír, pappa eða plasti, sbr. 6. mgr. Forsenda heimildar er að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur er fara á innanlandsmarkað og að umsækjandi hafi atvinnu af innflutningi, framleiðslu eða sölu úrvinnslugjaldsskylendra umbúða. Skírteinið veitir handhafa þess heimild til að flytja inn eða kaupa innan lands umbúðir án úrvinnslugjalds. Sækja þarf um úrvinnslugjaldsskírteini á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

□ Ef handhafi úrvinnslugjaldsskírteinis tekur til eigin nota vörur sem úrvinnslugjald hefur verið fellt niður af á grundvelli skírteinisins skal hann á næsta gjalddaga almenns uppgjörstímabils standa skil á úrvinnslugjaldi vegna þeirra nota.]<sup>4)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>8)</sup> setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd niðurfellingar úrvinnslugjalds.]<sup>5)</sup>[<sup>9)</sup>

#### ■ 8. gr. [Úrvinnslugjald á aðrar vörur.

□ Úrvinnslugjald skal leggja á eftirtalda vöruflokka, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum þessum:

1. Aðrar umbúðir: heyrílluplast, sbr. viðauka I . . .<sup>1)</sup>

2. Oltuvörur: sbr. viðauka IV.

3. Lífræn leysiefni og klórubundin efnasambönd: lífræn leysiefni, sbr. viðauka V, halógeneruð efnasambönd, sbr. viðauka VI, ísócyanöt og pólyúretón, sbr. viðauka VII.

4. *Málning og litarefní*: málning, sbr. viðauka VIII, prentlitir, sbr. viðauka IX.

5. *Rafhlöður og rafgeymar*: rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka X, blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka XI.

6. *Vörur í ljósmyndaiðnaði*: sbr. viðauka XII.

7. *Kvikasílfursvörur*: sbr. viðauka XIII.

8. *Varnarefni*: sbr. viðauka XIV.

9. *Kælimiðlar*: sbr. viðauka XV.

10. *Hjólbardar*: sbr. viðauka XVI.

11. *Veidarfæri úr gerviefnum*: sbr. viðauka XVII.

[12. *Raf- og rafeindataeki*: sbr. viðauka XIX.]<sup>2)</sup>

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja [við Úrvinnslusjóð]<sup>3)</sup> um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu og veiðarfæra úr gerviefnum, enda þjóni það markmiðum laganna. Svartolía og veiðarfæri úr gerviefnum eru þá undanþegin gjaldtökum samkvæmt lögum þessum, enda hafi stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samninginn, sbr. 3. mgr. 17. gr., og tilkynnt það tollstjóra. [Jafnframt skal [ráðherra]<sup>4)</sup> staðfesta samninginn.]<sup>5)</sup> Hvorum samningsaðila er heimilt að segja upp samningi samkvæmt þessari grein. Úrvinnslusjóði er þó einungis heimilt að segja upp samningi vegna brota á honum og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Úrvinnslusjóður skal tilkynna tollstjóra sé samningi sagt upp.

Í samningi skv. 3. mgr. skal koma fram verklýsing þar sem m.a. eru upplýsingar um söfnun, flutninga, meðhöndlun úrgangs, ráðstöfun hans, umsjón og stjórnun, upplýsingasöfnun og skyrslugjöf. Þá skulu, áður en gengið er frá samningi, liggja fyrir upplýsingar um magn úrgangs, hvernig kerfið mun vera fjármagnað, aðgang handhafa úrgangs að kerfinu og greiðlu umsýslugjalds til Úrvinnslusjóðs.

[Framleiðendur og innflytjendur rafhlæðna og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka X, [XI og XIX].<sup>2)</sup> Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga og verslana [og fjármagna upplýsingagjöf og rekstur skráningarkerfis og eftirlits samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs].<sup>5)</sup> ...<sup>5)</sup>]<sup>1)</sup>

[Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem eru framleidd hér á landi eða flutt inn. Í ábyrgð framleiðenda og innflytenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi, að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga, og fjármagna upplýsingagjöf, skráningarkerfi og eftirlit samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs.]<sup>1)</sup>

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja er heimilt, einum sér eða í samvinnu við aðra framleiðendur og innflytjendur, að setja upp kerfi til að safna raf- og rafeindatækjaúrgangi um allt land og ráðstafa honum í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og geta viðkomandi framleiðendur og innflytjendur þá fengið álagt úrvinnslugjald endurgreitt skv. 10. gr. b, að frá töldu gjaldi vegna skráningarkerfis og eftirlits Umhverfisstofnunar, í hlutfalli við ráðstafað magn af raf- og rafeindatækjaúrgangi, enda hafi þeir sýnt fram á að þeir hafi safnað úrgangi um allt land og ráðstafað honum

í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerðir settar samkvæmt þeim.]<sup>5)</sup><sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> L. 58/2011, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 125/2014, 23. gr. <sup>3)</sup> L. 106/2006, 4. gr. <sup>4)</sup> L. 126/2011, 356. gr. <sup>5)</sup> L. 63/2014, 38. gr. <sup>6)</sup> L. 128/2004, 5. gr.

### III. kafli. Gjaldskyldir aðilar, álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, skýrslur, álag, dráttarvextir, kæruheimild og kærufrestur.

#### ■ 9. gr. Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. gr., hvílir á eftirtoldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.

2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til eigin nota.

3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum innan lands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verkata og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

[Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá [ríkisskattstjóra].<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup> Skráning hjá [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr. Breyingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> eigi síðar en 15 dögum eftir að breying varð.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði [tollalaga, nr. 88/2005, um innfluttar vörur, og ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um innlendar framleiðsluvörur],<sup>3)</sup> eiga við um álagningu, innheimtu, [gjaldskyldu, tilhögun bókhalds],<sup>2)</sup> tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtökum samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 96. gr. <sup>2)</sup> L. 106/2006, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 124/2014, 5. gr.

#### ■ 10. gr. Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innflutnum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. [Ríkisskattstjóri]<sup>1)</sup> annast álagningu gjalds vegna innlendar framleiðslu sem tollstjórar innheimta. ...<sup>1)</sup> Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ókutækjum.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 97. gr.

#### ■ [10. gr. a. Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna útflutnings.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal endurgreiða gjaldskyldum aðila, eða þeim sem keypt hefur vöruna af gjaldskyldum aðila, úrvinnslugjald sem greitt hefur verið af viðkomandi vörum. Aðili sem óskar endurgreiðslu skv. 1. málsl. skal tilgreina í sérstakri skýrslu til [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> um magn vörum og fjárhæð þess úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt af viðkomandi vörum. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt. Fjárhæð sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal vera að lágmarki 10.000 kr. [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 98. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 356. gr. <sup>3)</sup> L. 114/2005, 2. gr.

■ [10. gr. b. *Endurgreiðsla úrvinnslugjalds til framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindataekja.*

- Framleiðandi og innflytjandi raf- og rafeindataekja, sem hefur, einn sér eða í samvinnu með öðrum framleiðendum og innflytjendum, ákveðið að setja upp kerfi til að safna raf- og rafeindataekjaúrgangi um allt land og ráðstafa honum með viðeigandi hætti, getur fengið álagt úrvinnslugjald endurgreitt, að frátoldu gjaldi fyrir skráningarkerfi og eftirlit Umhverfisstofnunar, í hlutfalli við ráðstafað magn af raf- og rafeindataekjaúrgangi af sömu tegund vöru sem úrvinnslugjald hefur verið greitt af. Aðili sem óskar endurgreiðslu skv. 1. málsl. skal tilgreina í sérstakri skýrslu til ríkisskattstjóra um magn vöru og fjárhæð þess úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt af viðkomandi vöru og magn raf- og rafeindataekjaúrgangs sem hefur verið safnað og hvar honum var safnað, sem og magn ráðstafaðs raf- og rafeindataekjaúrgangs og staðfestingu á ráðstöfuninni. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt. Fjárhæð sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal vera að lágmarki 10.000 kr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 63/2014, 38. gr.

■ [11. gr. *Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.*

- Hvert uppgjörstímabil vegna innlendar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.
  - Innlendar framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.
  - Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.
  - Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafreiðslu.
  - Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafreiðslu.
  - Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.
  - Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.
- [12. gr. *Skyrslur, álag og dráttarvextir.*
- Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. [Ríkisskattstjóri]<sup>1)</sup> skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgi-

gögnum er ábótavant. [Ríkisskattstjóri]<sup>1)</sup> skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttigar sem gerðar hafa verið. Um málsméðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

□ Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 1. mgr. 9. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Samra gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skyringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem van greidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

□ Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjalfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 98. gr.

■ [13. gr. *Kæruheimild og kærufrestur.*

□ [Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 60 daga frá gjalddaga gjaldsins vegna innlendar framleiðslu en tollafreiðsludegi ef um innflutning er að ræða.]<sup>1)</sup> [Kæru skal beint til tollstjóra eða til ríkisskattstjóra.]<sup>2)</sup> Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla [vegna innlendar framleiðslu]<sup>1)</sup> skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Tollstjóri ...<sup>2)</sup> eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum [gagnaöflunar].<sup>1)</sup>

□ Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skot ið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til [yfirkattanefndar]<sup>3)</sup> sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsméðferð fer eftir ákvæðum [118. gr. tollalaga, nr. 88/2005].<sup>1)</sup>

□ Gjaldskyldur aðili [getur skot ið úrskurði ríkisskattstjóra]<sup>2)</sup> skv. 1. mgr. til yfirkattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsméðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirkattanefnd.

<sup>1)</sup> L. 106/2006, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 136/2009, 99. gr. <sup>3)</sup> L. 123/2014, 16. gr.

#### IV. kafli. Úrvinnslusjóður.

■ [14. gr. *Framkvæmd.*

□ Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir [ráðherra].<sup>1)</sup> Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögini falla.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 356. gr.

■ [15. gr. *Hlutverk Úrvinnslusjóðs.*

□ Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess.

□ Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkomin vegna vara sem falla undir lög þessi. Úrvinnslusjóður skal leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs. Úrvinnslusjóður semur við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

□ [Úrvinnslusjóði ber að ná á landsvísu tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu, [sem og tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun raf- og rafeindataekjaúrgangs].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

- [Úrvinnslusjóði er heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.<sup>3)</sup><sup>4)</sup>
- [Úrvinnslusjóði er heimilt að gera samninga um að taka að sér verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Sískir samningar skulu samþykktir af ráðherra].<sup>5)</sup>
- Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vörur og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vörur á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.
- Úrvinnslusjóður skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila um atriði er þá varða.

<sup>1)</sup> L. 63/2014, 38. gr. <sup>2)</sup> L. 106/2006, 7. gr. <sup>3)</sup> Rg. 1124/2005. <sup>4)</sup> L. 114/2005, 3. gr. <sup>5)</sup> L. 73/2008, 7. gr.

### ■ 16. gr. Stjórn Úrvinnslusjóðs.

- [Ráðherra skipar sjó manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar og varamann hans án tilnefningar en sex meðstjórnendur og jafnmargir til vara skulu skipaðir að fenginni tilnefningu eftirfarandi aðila: einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu SVP – Samtaka verslunar og þjónustu, einn samkvæmt tilnefningu Félags atvinnureknda, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og tveir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra eftir tilnefningu stjórnar skal koma úr hópi stjórnarmanna].<sup>1)</sup>
- Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr Úrvinnslusjóði og skal ákveðin af [ráðherra].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 39/2015, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 356. gr.

### ■ 17. gr. Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs.

- Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim og er [ráðherra]<sup>1)</sup> til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara.
- Stjórnin hefur það hlutverk að móta stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti hans, og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.
- Stjórnin hefur staðfestir skýrslur og áætlanir skv. 15. gr. og hefur eftirlit með því að þær séu gerðar og leggur þær fyrir ráðherra fyrir 1. júní ár hvert. Þá staðfestir stjórnin einnig samninga skv. 3. mgr. 8. gr., að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.
- Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til [ráðherra]<sup>1)</sup> um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Telji stjórnin þörf á að leggja skilagjald á vörur til að ná fram auknum skilum hennar skal hún jafnframt leggja fram tillögu um það til ráðherra og fjárhæð þess. Við gerð tillögu að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal stjórnin taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 356. gr.

### ■ 18. gr. Umsjón með daglegum rekstri Úrvinnslusjóðs.

- Stjórn Úrvinnslusjóðs ræður framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og ber ábyrgð á fjáreiðum hans og reikningshaldi

gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk Úrvinnslusjóðs.

### ■ 19. gr. Rekstur Úrvinnslusjóðs.

- Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum, [þ.m.t. vaxtatekjur],<sup>1)</sup> skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

□ ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 37/2005, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 63/2014, 38. gr.

### V. kaffli. Ýmis ákvæði.

#### ■ 20. gr. Viðurlög.

- Um viðurlög skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði [tollalaga, nr. 88/2005],<sup>1)</sup> um innfluttar vörur og laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um innlendar framleiðsluvörur.

<sup>1)</sup> L. 106/2006, 8. gr.

#### ■ 21. gr. Reglugerðarheimildir.

- [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð<sup>2)</sup> um framkvæmd laga þessara.

□ Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um nauðsynlegan frágang úrgangs í hverjum uppgjörsflokkvi við móttökustöð.

□ [Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um nánari útfærslu á greiðslu kostnaðar við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, sbr. 2. mgr. 3. gr.]

□ Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða, sbr. 3. mgr. 3. gr.]<sup>3)</sup>

□ [Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs að setja reglugerð um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun raf- og rafeindatakjáúrgangs, endurgreiðslur vegna útflytnings raf- og rafeindatakjá og endurgreiðslur til framleiðanda eða innflytjanda sem, einn sér eða í samvinu með öðrum framleiðendum og innflytjendum, hefur ákveðið að setja upp kerfi til að safna raf- og rafeindatakjáúrgangi um allt land og ráðstafa honum með viðeigandi hætti].<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 356. gr. <sup>2)</sup> Rg. 368/2000, sbr. 448/2002, 437/2003, 49/2006, 524/2006 og 908/2008. Rg. 1124/2005, sbr. 316/2007. <sup>3)</sup> L. 106/2006, 9. gr. <sup>4)</sup> L. 63/2014, 38. gr.

#### ■ 22. gr. Gildistaka.

- Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 2003. . . .

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal móttaka á flokuðum úrgangi, sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald, hefjast 1. apríl 2003 vegna vörur sem fellur undir viðauka II, X og XVI, 1. júlí 2003 vegna ökutækja, sbr. 5. gr., og eigi síðar en 1. júlí 2004 vegna vörur sem fellur undir viðauka I. Greiðsla skilagjalds á ökutæki, sbr. 6. gr., skal hefjast 1. júlí 2003.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### ■ I. [...<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 58/2011, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 128/2004, 6. gr.

#### ■ II. [...<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 58/2011, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 128/2004, 6. gr.

#### ■ III. [...<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 58/2011, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 128/2004, 6. gr.

#### ■ IV. [...<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 128/2004, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 8/2003, 1. gr.

**Viðauki I. Heyrúlluplast.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 153/2007, l. 69/2010, l. 158/2010 og l. 140/2013.

**Viðauki II. Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 8/2003 og l. 128/2004.

**Viðauki III. Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002 og l. 58/2011.

**Viðauki IV. Olíuvörur.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 144/2003, l. 128/2004, l. 15/2007 og l. 158/2010.

**Viðauki V. Lífræn leysiefni.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 144/2003, l. 128/2004, l. 69/2010, l. 158/2010 og l. 140/2013.

**Viðauki VI. Halógeneruð efnasambönd.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 144/2003, l. 128/2004, l. 69/2010 og l. 158/2010.

**Viðauki VII. Ísócýanöt og pólyúretön.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 144/2003, l. 128/2004, l. 69/2010 og l. 158/2010.

**Viðauki VIII. Málning.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 144/2003, l. 128/2004, l. 153/2007, l. 69/2010, l. 158/2010 og l. 140/2013.

**Viðauki IX. Prentlitir.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 144/2003, l. 128/2004 og l. 15/2007.

**Viðauki X. Rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002 og l. 128/2004.

**Viðauki XI. Blýsýrurafgeymar.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 128/2004, l. 69/2010, l. 158/2010 og l. 140/2013.

**Viðauki XII. Vörur í ljósmyndaiðnaði.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 144/2003, l. 128/2004, l. 153/2007, l. 158/2010 og l. 140/2013.

**Viðauki XIII. Kvíkasílfursvörur.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002 og l. 128/2004.

**Viðauki XIV. Varnarefni.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002 og l. 128/2004.

**Viðauki XV. Kælimiðlar.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002 og l. 128/2004.

**Viðauki XVI. Hjólbarðar.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 162/2002, l. 128/2004, l. 114/2005, l. 15/2007, l. 153/2007 og l. 158/2010.

**Viðauki XVII. Veðarfæri úr gerviefnum.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 144/2003 og l. 128/2004.

**Viðauki XVIII. Álagningarástofn úrvinnslugjalds skv. 2. máisl. 2. mgr. 7. gr. a.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 114/2005, l. 15/2007 og l. 46/2007.

**Viðauki XIX. Raf- og rafeindataeki.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta viðaukans vílast til l. 125/2014, 24. gr.